

Staðgreiðsla 2017

Prepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í tveimur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur verður sem hér segir:

Af fyrstu 834.707 kr.	36,94%
Af fjárhæð umfram 834.707 kr.	46,24%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur, sem er 52.907 kr.

Launagreiðendur sem reiknuðu staðgreiðslu af tekjum í öðru eða þriðja þrepi samkvæmt ósk frá launamanni á árinu 2016 skulu eingöngu reikna staðgreiðslu í efra þrepi á árinu 2017 af þeim hluta sem fór í þriðja þrep á árinu 2016.

Vikulaun

Pegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

36,94%	af fyrstu 192.097* kr.
46,24%	af launum umfram 192.097 kr.

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* $10.016.488/365 * 7 = 192.097$

Persónuafsláttur á mánuði er 52.907 kr.

Persónuafsláttur ársins 2017 er 634.880 kr. eða 52.907 kr. á mánuði. Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. janúar 2017 skal því draga persónuafslátt frá reiknuðum skatti sem hér segir:

- Ef launatímabil er einn mánuður 52.907 kr.
- Ef launatímabil er hálfur mánuður 26.453 kr.
- Ef launatímabil er fjórtán dagar 24.352 kr.
- Ef launatímabil er ein vika 12.176 kr.
- Ef launatímabil er annað en að framan greinir skal ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:

Kr. $\frac{634.880}{365}$ X dagafjöldi launatímabilsins

Frítekjumark barna er 180.000 kr.

Börn sem fædd eru 2002 og síðar og ná því ekki 16 ára aldri á árinu 2017 greiða 6% skatt án persónuafsláttar af tekjum sínum umfram 180.000 kr. Á skilagreinum RSK 5.12 og sundurliðunum RSK 5.06 eða í vefskilum skal til-taka heildarlaun án tillits til frádráttar.

Frádráttur vegna iðgjalda í lífeyrissjóð

Greidd lífeyrissjóðsiðgjöld 4% af launum til viðurkenndra lífeyrissjóða samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda eru frádráttarbær og ber að taka mið af því við afdrátt staðgreiðslu. **Heimilt er að veita til viðbótar frádrátt allt að 4% af iðgjaldsstofni til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar samkvæmt ákvörðun sjóðsfélaga, enda séu iðgjöldin greidd reglulega til lífeyrissjóða eða aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama gildir um iðgjöld manna sem hafa með höndum atvinnurekstur.**

Tryggingagjald o.fl. til staðgreiðslu er 6,85%

Tryggingagjald er 6,75%. Að viðbættu gjaldi í ábyrgðarsjóð launa og markaðsgjaldi verður staðgreiðsla þessara gjalda 6,85%. Af launum sjómanna á fiskiskipum greiðast til viðbótar 0,65% í iðgjald vegna slysatryggingar:

• Almennt tryggingagjald	5,40%
• Atvinnutryggingagjald	1,35%
• Tryggingagjald alls	6,75%
• Gjald í ábyrgðarsjóð v/gjaldþrota	0,05%
• Markaðsgjald	0,05%
• Samtals til staðgreiðslu	6,85%
• Viðbót vegna launa sjómanna	0,65%
• Samtals af launum sjómanna [á fiskiskipum]	7,50%

Um tryggingagjald vegna launa þeirra starfsmanna sem eru með vottorð A1 (áður E-101) gilda sérstakar reglur.

Fjársýsluskattur til staðgreiðslu er 5,5%

Fjársýsluskattur er lagður á fjármálafyrirtæki, verðbréfa-fyrirtæki og tryggingafélög auk Íbúðalánasjóðs. Skatt-hlutfallið er 5,5% og skattstofninn eru allar tegundir launa og þóknana. Skatturinn er greiddur mánaðarlega í staðgreiðslu.

Rafræn skil á staðgreiðslu, sjá skattur.is

Dæmi um útreikning á staðgreiðslu

Stofn til staðgreiðslu eru öll staðgreiðsluskyld laun þegar tekið hefur verið tillit til frádráttarbærs iðgjalds launþega í lífeyrissjóð. Í dæmi 1 hér á eftir eru heildarlaun fyrir einn mánuð 435.000 kr. Iðgjald í lífeyrissjóð, þ.e. framlag launþega, er 4% eða 17.400 kr. (sbr. þó heimild til viðbótarfrádráttar, sjá bls. 1).

Í dæmi 2 eru heildarlaun 1.026.000 kr. og iðgjald í lífeyrissjóð 41.040 kr.

Staðgreiðslan myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

Dæmi 1			Dæmi 2		
Stofn til staðgreiðslu	417.600		Stofn til staðgreiðslu	984.960	
Útreikningur			Útreikningur		
417.600	36,94%	154.261	834.707	36,94%	308.341
0	46,24%	0	150.253	46,24%	69.477
Reiknuð staðgreiðsla		154.261	Reiknuð staðgreiðsla		377.818
Frá dregst persónuafsláttur		52.907	Frá dregst persónuafsláttur		52.907
Staðgreiðsla		101.354	Staðgreiðsla		324.911

Noti maður persónuafslátt maka nýtir hann allan (100%) þann afslátt sem maki hefur heimilað.

Dæmi um útreikning á tryggingagjaldi

Stofn til tryggingagjalds er hærri en staðgreiðsluskyld laun þar sem mótframlag launagreiðenda til lífeyrissjóða myndar stofn til tryggingagjalds. Undanþegin gjaldskyldu er sú fjárhæð sem launagreiðandi fær endurgreidda úr Fæðingarorlofssjóði. Í dæmi 1 hér að framan voru heildarlaun 435.000 kr. Við það bætist mótframlag launagreiðenda í lífeyrissjóð, sem í þessu dæmi er 8,5% af 435.000 kr. eða 36.975 kr.

Í dæmi 2 eru heildarlaun 1.026.000 kr. og mótframlag í lífeyrissjóð 87.210 kr.

Tryggingagjald og gjöld sem innheimt eru með því myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

Dæmi 1		Dæmi 2	
Stofn til tryggingagjalds	471.975	Stofn til tryggingagjalds	1.113.210
Staðgreiðsluhlutfall	x 6,85%	Staðgreiðsluhlutfall	x 6,85%
Tryggingagjald o.fl.	32.330	Tryggingagjald o.fl.	76.255

Dæmi 1. um útfyllta skilgrein LÖGABÍLA

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		Skilgrein staðgreiðslu af launum	
		Eintak innheimtumanns	
Kennitala	Greiðslutímabil	A Staðgreiðsla og tryggingagjald samtals (B+C+D)	Kr. 133.684
440469-4469	01 2017	B Staðgreiðsla af greiddum launum	101.354
Nafn - heimili - pósthóla launagreiðanda		C Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi	
Gjafavörverslunin ehf.		D Tryggingagjald	32.330
Laugavegi 202		E Heildarfjárhæð greiddra launa	435.000
100 Reykjavík		F Reiknað endurgjald greiðanda	
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.		G Samtala til afstemmingar (A+B+C+D+E+F)	702.368
14. 2. 2017	Björn Björnsson	<input type="checkbox"/> Engin laun greidd á tímabilinu	
Dagsetning	Undirskrift		

Dæmi 1. um útfyllta skilgrein SJÁLFSTÆTT STARFANDI EINSTAKLINGA

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		Skilgrein staðgreiðslu af launum	
		Eintak innheimtumanns	
Kennitala	Greiðslutímabil	A Staðgreiðsla og tryggingagjald samtals (B+C+D)	Kr. 133.684
290259-2009	01 2017	B Staðgreiðsla af greiddum launum	
Nafn - heimili - pósthóla launagreiðanda		C Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi	101.354
Björn Björnsson		D Tryggingagjald	32.330
Laugavegi 201		E Heildarfjárhæð greiddra launa	
100 Reykjavík		F Reiknað endurgjald greiðanda	435.000
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.		G Samtala til afstemmingar (A+B+C+D+E+F)	702.368
14. 2. 2017	Björn Björnsson	<input checked="" type="checkbox"/> Engin laun greidd á tímabilinu	
Dagsetning	Undirskrift		

Rafrænn persónuafsláttur

Yfirlit fyrir launagreiðendur

Á þjónustusíðu RSK, skattur.is, er mögulegt að sækja yfirlit yfir nýttan persónuafslátt ársins sem launamenn geta framvísað hjá launagreiðanda sínum, sé þess óskað. Á launamönnum hvílir nú sú skylda að upplýsa launagreiðendur sína um nýtingu persónuafsláttar það sem af er ári vilji launamaður nýta uppsafnaðan persónuafslátt eða persónuafslátt maka. Auk þess þarf hann að tilgreina í hvaða skattþrepi reikna á skatt hans, ef ekki í því lægra.

Ofnýting á persónuafslætti

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að stöðva nýtingu persónuafsláttar launamanna komi til ofnýtingar. Með auknu samtímaeftirliti geta launagreiðendur í slíkum tilvikum átt von á að fá boð frá ríkisskattstjóra um að hætta notkun á persónuafslætti tiltekins launamanns tímabundið þangað til ofnýting hefur

verið leiðrétt. Þegar launamaður lætur af störfum er mikilvægt að launagreiðandi skrái hann út úr launakerfi þannig að ef hann kemur aftur til starfa þurfi hann á ný að upplýsa launagreiðanda um nýtingu á persónuafslætti sínum.

Hvað á að gera við gömlu skattkortin?

Eftir 1. janúar 2016 þegar skattkort voru aflögð hafa þau enga merkingu fyrir launagreiðendur aðra en þá að vera staðfesting á því með hvaða hætti þeir launamenn sem hjá honum starfa hafi áður óskað eftir að persónuafsláttur þeirra yrði nýttur. Heimilt er að farga skattkortum þeirra sem starfa hjá launagreiðanda eftir að viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar sem og skattkortum þeirra sem starfa ekki lengur hjá launagreiðanda. Frekari upplýsingar um persónuafslátt og staðgreiðslu má fá á rsk.is eða í þjónustuveri ríkisskattstjóra í síma 442-1000.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Leiðbeiningar

Almennt Framtal Vefskil Samskipti

Yfirlit

- Staðfest afrit framtals
- Álagningarseðill
- Útvar
- Staðgreiðsluskrá RSK
- Innkomnar upplýsingar
- Ókutækjaskrá
- Innheimtumaður ríkissjóðs
- Fyrirtækjaskrá RSK
- Stillingar
- Veflyklar
- Mínar stillingar
- Bankaupplýsingar
- Útskráning

Rafrænn persónuafsláttur

3. janúar 2017 10:30:06 Tekjuár: 2017

Samkvæmt stöðu í staðgreiðsluskrá í dag, 3. janúar 2017, virðist Jóhannes Jónsson, kt. 180181-8889 hafa nýtt persónuafslátt að fjárhæð kr.0 á tekjuárinu þessi staða miðast við staðgreiðsluskil á 1. mánuði tekjuársins.

Persónuafsláttur maki
Samkvæmt stöðu í staðgreiðsluskrá í dag, 3. janúar 2017 virðist maki þinn Sigrún Jónsdóttir, kt. 090979-7799 hafa nýtt persónuafslátt að fjárhæð kr.0 á tekjuárinu 2017.

Ráðstöfun persónuafsláttar Staðgreiðsluyfirlit Sækja Pdf

Upplýsingar
Hér er sýndur útreikningur á áætlaðri nýtingu persónuafsláttar. Launagreiðendur skila ekki upplýsingum um nýtingu persónuafsláttar og því er afsátturinn bakreiknaður út frá óörum stærðum. Hafa ber það í huga þegar nákvæmni upplýsinga um ráðstöfunina er metin.